

Kammersveitin Aþena flytur Árstíðirnar eftir Antonio Vivaldi

einleikari
Hjörleifur Valsson

Eiðum

16. mars 2007 kl. 20

fiðluleikarar

Hlíf Sigurjónsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir

víóluleikarar

Sarah Buckley
Sesselja Halldórsdóttir

sellóleikarar

Lovísa Fjeldsted

kontrabassaleikari

Þórir Jóhannsson

Lútuleikari

Snorri Örn Snorrason

Hjörleifur Valsson lauk einleikaraprófi frá Tónlistarháskólanum í Ósló árið 1993, þar sem aðalkennari hans var Eivind Aadland, en hlaut þá styrk frá tékkneska ríkinu til náms við Prag konservatoríð. Þar nam hann fiðluleik og kammertónlist í þrjú ár, auk þess að leika með ýmsum kammerhópum og hljómsveitum þar í borg. Hjörleifur lauk Dipl. Mus. gráðu frá Folkwang Hochschule í Essen sumarið 2000. Á námsárum sínum í mið-evrópu sótti hann námskeið hjá Grigorij Zhislin, Truls Mörk, Pierre Amoyal, Sergej Stadler, Pavel Gililov o.fl. Hann hefur komið fram á fjölda tónleika víða um Evrópu, samið, útsett og leikið tónlist fyrir leikhús og margoft tekið þátt í upptökum fyrir útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og hljómplötuútgáfur. Hjörleifur er mjög virkur í íslensku tónlistarlífi og kemur víða við sem fiðluleikari auk þess að kenna fiðluleik við tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Antonio Vivaldi fæddist í Feneyjum 4. mars árið 1678. Hann var sonur eins af leiðandi fiðluleikurum við Markúsarkirkjuna í Feneyjum og ákvað hann snemma að feta í fótspor föður síns en auk þess að spila á fiðluna var hann einnig prestlærður. Vivaldi starfaði mesta hluta ævi sinnar sem tónlistarstjóri Piéta skólans í Feneyjum, sem var skóli fyrir munaðarlausar stúlkur og óskilgetnar dætur aðalsmanna og hjákvenna þeirra, og naut skólinn góðs af fjárframlögum feðranna sem vildu allt gera til að leyndarmál þeirra færu ekki lengra. Þar með hafði skólinn, sem var rekinn af ríkinu, ráð á því að fá til liðs við sig menn líkt og Vivaldi sem gekk undir nafninu „Il prete rosso“ eða rauði klerkurinn en það viðurnefni ku hann hafa fengið vegna háralitar síns.

Árstíðir Vivaldis er án efa hans þekktasta verk. Það verk líkt og fjölmörg önnur var samið fyrir þessar hæfileikaríku stúlkur sem tóku hverri áskoruninni frá stjórnanda sínum fagnandi. Frakkinn Charles de Brosses lýsir því sem hann sá og heyrði á ferð sinni um borgina: „...þær syngja allar sem englar, leika á fiðlu, flautu, orgel, óbó, selló og fagott(...) Af þessum fjórum skólum, heimsótti ég þann oftast þar sem mér er mest skemmt, Piéta skólann, sem stendur framur öllum í fullkomleika sínum“.

Vivaldi samdi um ævina um 500 konserta, flesta fyrir fiðlu eða um 200 talsins. Konsertformið var tiltöllulega nýtt á þessum tíma og lagði Vivaldi mikið af mörkum í mótun þess. Konsertar hans ein-kennast af fallega mótuðum laglínunum, þeir eru ferskir og glæsilegir og oft á tíðum dramatískir þar sem hægi kafla þeirra myndar mótvægi við hina hröðu hrynföstu ytri kafla.

Vivaldi naut mikillar hylli sem tónskáld og fiðluleikari á meðan hann lifði en eftir andlát hans 1741 féllu mörg verka hans í gleymsku. Safn 12. konserta hans „L' estro armonico“ frá árinu 1711 varð til þess að halda nafni hans á lofti en það hafði mikil áhrif á önnur tónskáld s.s. Johann Sebastian Bach, sem var mikill Vivaldi aðdáandi, tók konsert-stíl hans sér til fyrirmyndar og umskrifaði m.a. 9 fiðlukonserta hans fyrir hljómborðið. Það var ekki fyrr en árið 1926 sem bunki handrita fannst í klaustri einu á Ítalíu sem hin eiginlega Vivaldis-endurreisn hófst en þar var m.a. að finna safn verka sem gefið var út í Amsterdam árið 1725. Það safn hafði að geyma 12 konserta ópus 8, sem Vivaldi hafði kallað „**Il Cimento dell'armonia e dell'invenzione**“ eða „Barátta hljómfræðinnar og hugmyndaflugs-ins“. Fyrstu fjórum konsertunum í því safni hafði hann gefið yfirskriftina „**Árstíðirnar**“, en talið er þó að þeir hafi verið samdir löngu fyrir þann tíma. Hljóðfæratónlist á þessum tíma var oftast abstrakt tónlist. Prógramtónlist, þ.e. tónlist sem segir sögu eða er lýsandi á einhvern hátt, var nær óþekkt, þó undantekningar megi þó finna líkt og t.d. ýmis verk Bibers sem hljómar hér í kvöld. Það sama má segja um Árstíðir Vivaldis en með hverjum konserti lét hann fylgja „Sonnettur“, að öllum líkindum eftir hann sjálfan, og nær að fanga innihald þeirra snilldarlega í tónum. Þar má heyra fuglasöng vorsins og sekkjapípudans hjarðsveinanna að vori. Sumarhitinn verður næstum áþreifyfanlegur í öðrum konsertinum, og undir flugnasuði er undirliggjandi ógn þrumuveðursins, sem brýst út í lokabætti konsertsins. Góðri uppskeru er fagnað að hausti með hátíðahöldum við taka spennandi veiðiferðir og veturinn kemur með tilheyrandi kulda og glamrandi tönnum og þá er gott að hlýja sér við eldinn og hlusta á vindgnaðinn úti.

Vivaldi lætur sér ekki nægja að skrifa sonnettarnar inn í nóturnar heldur bætir þar við frekari útskýringum til að aðvela hljóðfæraleikurunum að ímynda sér aðstæður s.s. „geltandi hundur“, „tár sveitadrengsins“ og „fyllibytan“. Vivaldi kunnir sitt fag og í tónlistinni hermir hann nákvæmlega eftir ákveðnum tegundum fugla, regndroparnir eru táknaðir með pizzicato, ómstríður notaðar til að ná fram áhrifum vetrarkuldans og hraðir tónstigar upp og niður draga fram hughrif af vindasamri veðráttu. Þótt verkið hafi verið samið í raun sem rútnukennt verkefni fyrir stúlkurnar í Piéta skólanum má glögglega heyra að tónskáldið hefur sett sál sína í það til fulls og fá verk jafnvinsæl og það enda síferskt og hressandi.

Arndís Björk Ásgeirsdóttir

Vorið

Vorið er komið fögnuð sinn að færa, fuglarnir kátir syngja af öllum mætti og Vestanvindur örur andardrætti eykur og fjörgar lækjarniðinn kæra.

Himininn kveikir – skryddur skýjum dökkum – skruggur og eldangang, vorið til að hylla. Endar það skjótt, þá aftur loftið fylla unaðarsöngvar fuglarómi klökkum.

Þýtur í grasi og trjám, og lágt í lautu liggjandi á blómsturteppi geitasmalinn fallinn í blund með hundinn sér við hlið.

Skammt þaðan hljómar fjörugt lag á flautu, fjármenn og dísir vítt um blómasalinn ástleitinn dansa komu vorsins við.

Sumarið

Steikjandi sól og þurrkar landið þjaka þorsti og drungi menn og hjarðir kvelur djúpt inn í myrkum skógi gaukur gelur, gullfinkur þá og dúfur undir taka.

Vestlægur vindur blæs nú blítt en síðan bróðir hans Norðri kemur fullur þótt kvíðir því hjarðsveinn andvarpandi af ótta aleinn að kljást við regn og vindinn stríðan.

Rændur hann allri ró úr sínum beinum rýnir með geig á þrumuskýið ljóta, þyrlast upp líka skorkvikinda ský.

Þrumurnar koma, þyrma ekki neinum, þjótandi höglin kornsins leggi brjóta, menn og öll skepnan skelfist þennan gný.

Haustið

Bændur að hausti byrja dans og gleði,
byrgir af forða víst þeir fagna mega,
fjörugaðir dátt af gjöfum guðaveiga,
grasið þá oft vill verða að hægum beði.

Andar nú svalur, ofurlítill kaldi.
Árstíðin þessi, sú hin himinsenda
fyllir oss værð svo fjör og dans má enda,
freistar æ meir að að lúta svefnsins valdi.

Veiðimenn þrír með byssur, horn og hunda
hlaupa þar fram við dagrenningu nýja.
Bráðin þá flýr, þeir finna hennar slóð.

Ringluð af mæði og kvölum ótal unda,
ópum og gjammi reynir hún að flýja,
kemst þó ei langt því kraftar þrjóta og blóð.

Veturinn

Að blása í kaun í kalsa íss og fanna
kveljur að súpa í norðanbáli hörðu
hlaupa og fótum hart að stappa´ í jörðu
hlusta á marr í snjó og glamur tanna,

sitja við arin inni í hlýjum krika
úti þó slyddu og regni niður helli
fikra sig hægum fetum úti á svelli
fara með gát af ótta við að skrika,

hlaupa og detta ef helst til fljótt var skriðið
hlaupa á ný og stíga fastar niður
allt þar til brestur, opnast vök og skör,

heyra þá kónga sveipast fram á sviðið:
Suðri og Norðri í stríð – og aldrei friður,
þetta´ er sko vetur sem oss færir fjör!